



Borgarráð

Erindisbréf viðræðuteymis um húsnæðismál

Hjálagt erindisbréf viðræðuteymis við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um húsnæðismál er lögð fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf viðræðuteymis við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um húsnæðismál.



ERINDISBRÉF

Viðræðuteymi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um húsnæðismál

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Á fundi borgarráðs þann 1. september 2022 var samþykkt að fela borgarstjóra umboð til viðræðna við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, f.h. innviðaráðuneytisins og ríkistjórnarinnar um samning á grundvelli rammasamnings innviðaráðuneytisins, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í viðræðum við innviðaráðherra og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur komið fram sá vilji að ljúka samningum fyrir nk. áramót.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að vinna að samningsmarkmiðum Reykjavíkurborgar en jafnframt vinna eða láta vinna nauðsynlegar greiningar á uppbyggingarþörf, nauðsynlegum innviðum og fjárhagslegt mat. Jafnframt verði borgarstjóra falið að beita sér á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir því að önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og eftir atvikum víðar geri sambærilega samninga þannig að úr verði húsnæðissáttmáli sem tryggji sameiginlegt átak um allt höfuðborgarsvæðið og víðar til að tryggja að þau markmið sem að er stefnt gangi eftir. Samningur og eftir atvikum húsnæðissáttmáli fleiri sveitarfélaga skal lagður fyrir borgarráð til staðfestingar og staða samninga kynnt í borgarráði eins og tilefni er til á meðan á samningagerð stendur. Fyrir gerð fjárhagsáætlunar ársins 2024 verði unnin heildstæð innviðaaætlun undir forystu eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar og atvinnuþróunarteymis en með aðkomu Orkuveitu Reykjavíkur og Veitna, auk Betri samgangna og annarra aðila eftir atvikum.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Leiða viðræður við innviðaráðherra og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um húsnæðismál.
- Gerð samningsmarkmiða fyrir Reykjavíkurborg.
- Greiningar á uppbyggingarþörf, nauðsynlegum innviðum og fjárhagslegt mat.

Viðræðuteymið skipa:

Haraldur Sigurðsson, formaður, umhverfis- og skipulagssvið.

Sonja Wium, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Óli Örn Eiríksson, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Viðræðuteymið vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Viðræðuteymið leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.



Reykjavíkurborg

Starfstími:

Viðræðuteymið skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok október 2022.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri